

**16**

21. marz

## 8. gr.

Stjórn sjóðsins skal jafnan skipuð 3 konum, sem kosnar eru til 6 ára í senn, skal kosning þeirra fara fram, þá kosið er í hreppsnefnd; gilda að öðru leyti sömu reglur um kosningu þeirra og til hreppsnefndar. Stjórnin skiptir sjálf með sér störfum og vinnur kauplaust.

## 9. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður, hverja hún telur líknar þurfa, og úthlutar styrk í þeirri mynd, sem hún telur viðeigandi. Hún heldur gerðabók, sem í eru ritaðar allar framkvæmdir stjórnarinnar, svo sem úthlutun styrks, kosningar, fundargerðir, ársreikningar og annað, sem snertir starfsemi sjóðsins.

## 10. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skal reikningur sjóðsins endurskoðaður og samþykktur af hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps.

## 11. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

p. t. Dalvík, 15. febrúar 1933.

*Solveig Pétursdóttir. Ingibjörg Baldvinsdóttir. Guðlaug Baldvinsdóttir.*

**17**

22. marz

**Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir „Líknarsjóð Íslands“, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra, 22. marz 1933. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Líknarsjóð Íslands.

## 1. gr.

Þegar póststjórn Íslands gefur út frimerki með yfirverði til styrktar líknarstarfsemi á Íslandi, skal yfirverð þetta, að frádregnum hlutfallslegum útgáfukostnaði og sölulaunum renna í sjóð, sem nefnist Líknarsjóður Íslands.

## 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja með fjárframlögum hverskonar líknarstarfsemi í landinu, einkum slysavarnir, barnahæli, elliheimili og þess háttar fyrirtæki.

## 3. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 mönnum til 6 ára í senn. Skal einn stjórnendanna tilnefndur af Slysavarnafélagi Íslands, annar af væntanlegu landssambandi

íslenskra líknarstofnana, og hinn þriðji af samgöngumálaráðuneytinu. Á meðan að landssambandið er ekki stofnað skipar ráðunautur 2 af stjórnendunum. Skipa skal 3 varamenn í stjórn sjóðsins af sömu aðiljum og aðalmenn skipa og til jafnlangs tíma. Tekur varamaður sæti í stjórn sjóðsins í forföllum aðalmanns.

17  
22. marz

#### 4. gr.

Stjórn sjóðsins má árlega úthluta úr honum samkv. 2. gr., allt að 80% af tekjum hans. Afgangurinn skal lagður í sjóð og má eigi skerða höfuðstólinn nema 6. hvert ár. Þá má verja allt að helmingi höfuðstólsins til nýrra framkvæmda. Allt fé sjóðsins skal ávaxta í bönkum eða sparisjóðum.

#### 5. gr.

Stjórn sjóðsins skal um hver áramót senda ráðuneytinu skýrslu um starfsemi sjóðsins og reikninga hans. Reikningarnir skulu endurskoðaðir af 2 endurskoðendum, er ráðuneytið skipar.

#### 6. gr.

Hvert það félag eða stofnun, er styrk hlýtur úr sjóðnum, skal senda stjórn hans skýrslu um starfsemi sína og endurskoðaða reikninga sína.

## BYGGINGASAMÞYKKT

fyrir Hnífsdal.

18  
31. marz

### I. KAFLI.

#### Verksvið samþykktar og stjórn byggingamála.

##### 1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir kaптúnið Hnífsdal, innan þess svæðis, er skipulagsuppráttur nær yfir. Þó getur ráðuneytið veitt undanþágu frá ákvæðum hennar, þegar bygginganefnd og hreppsnefnd mæla með því.

##### 2. gr.

Samþykktin tekur til allra nýrra bygginga, sem ekki eru fullgerðar, þegar hún öðlast gildi. Þó verður ekki krafizt breytinga á því, sem þegar hefir verið gert. Ennfremur nær samþykktin til höfuðbreytinga á eldri byggingum, svo og til minni breytinga, ef við verður komið án verulegs kostnaðarauka eða röskunar.

Bygginganefnd úrskurðar í hvert skipti, hverjar aðgerðir skulu teljast höfuðbreytingar.

##### 3. gr.

Stjórn byggingamála er í höndum hreppsnefndar. Hún getur synjað um byggingaleyfi, sem bygginganefnd hefir samþykkt, enda sé það gert áður en